

Blað nr. 232


THE Lion

ÍSLENSK ÚTGÁFA



We Serve

september / október 2005



HAUST Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM

September / Október 2005 Blað nr. 232
THE LION IN ICELANDIC
FJÖLUMDÆMI 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi THE LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109
Tímariðið THE LION kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík
er opin frá kl. 12.00 til 15.00
Sími 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is

Ritstjóri:
Ólafur Briem
Grundarlandi 22, 108 Reykjavík,
Sími: 561 3122, netfang: lions@lions.is

Setning, umbrot, prentun:
Prentsmiðjan Gutenberg hf.
Síðumúla 16, 108 Reykjavík

Umsjón auglýsinga: í blað 225 - Lkl. Njörður
í blað 226 - Lkl. Fjörgyn
í blað 227 - Lkl. Eir
í blað 228 - Lkl. Mostellsbæjar
í blað 229 - Lkl. Fjölínir
í blað 230 - Lkl. Ösp

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109
Starfsárið 2005-2006
Fjölumðæmisstjóri: Geir Hauksson, Lkl. Hafnarjarðar
Umdæmisstjóri 109A: Guðmundur Rafnar Valtýsson,
Lkl. Laugardals
Umdæmisstjóri 109B: Valdimar Porvaldsson,
Lkl. Akraness
Fjölumðæmisgjaldkeri: Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni
Fjölumðæmisritari: Örn Gunnarsson, Lkl. Ásbirni
Fræðslustjóri: Hrunn Hjaltadóttir, Lkl. Fold
Félaganefndarstjóri: Margrét Jónsdóttir, Lkl. Fold
Félagastjóri: Daniel G Björnsson, Lkl. Munin
Útbreiðslustjóri: Pálmi Hannesson, Lkl. Garði
Alþjóðasamskiptastj. Fv. alþjstjm.: Jón Bjarni Þorsteinsson,
Lkl. Mostellsbæjar
LCIF stjóri: Halldór Svavarsson, Lkl. Hafnarjarðar
Kynningarstjóri: Ólafur Vilhjálmsson Lkl. Ásbirni
Unglingaskiptastjóri Kristjana E Guðlaugsdóttir, Lkl. Æsu
Fv. alþjóðastjórnarmaður: Björn Guðmundsson,
Lkl. Kópavogs
Lions Quest stjóri/Fv. fjölumðæmisstjóri:
Þórunn Gestsdóttir, Lkl. Eir
MedicAlert stjóri: Magnús B. Einarson,
Lkl. Mostellsbæjar

Menningarstjóri: Jón Eyjólfur Jónsson, Lkl. Nirði
Minja og skjalavörður: Magnús Steingrímsson, Lkl. Vála
NSR AU neindarmaður: Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn
Ritstjóri Lionsblaðsins: Ólafur Briem, Lkl. Fjölínir
Prótokolls og Þingstjóri: Hördur Sigurjónsson, Lkl. Nirði
Sjónverndar og heilbrigðisstjóri: Björn Guðmundsson,
Lkl. Viðarri
Umhverfisstjóri: Sigrún Steinsdóttir, Lkl. Eir
Verkefnastjóri: Guðmundur Finnþogason,
Lkl. Skagastrandar
Verkefnastjóri „Mission 30“: Einar Þórðarson,
Lkl. Fjörgyn
Varaumðæmisstjóri 109A: Björgúlfur Þorsteinsson,
Lkl. Hafnarjarðar
Varaumðæmisstjóri 109B: Jón Gröndal, Lkl. Nirði
SightFirst II verkefnastjóri: Kristinn Hannesson,
Lkl. Mostellsbæjar

Frankvæmdastjórn Lionsshreyfingarinnar 2005-2006:
International President Ashok Mehta
Immediate Past President Clement Kusiak
First Vice President Jimmy Ross
Second Vice President Mahendra Jayanthipal Chandima
Amarasuriya

Alþjóðastjórnarmenn 2005-2006:
Alþjóðastjórnarmenn á fyrri ári
Roy H. Barnette, South Carolina, USA
Robert J. Eichhorn, Louisiana, USA
Claus A. Faber, Germany
H. David Fiant, Indiana, USA
Ryu Fushimi, Japan
Terry Dale Graham, Ontario, Canada
Luis Gonzalo Guerrero Carrasco, Ecuador
Wayne Heiman, Wisconsin, USA
Miklos Horvath, Hungary
Sheikh Kabir Hossain, Bangladesh
Howard A. Jenkins, Mississippi, USA
Robert William Moore, New Jersey, USA
Beverly A. Roberts, Georgia, USA
Manoj Shah, Kenya
Philippe Soustelle, France
Dr. Jitsuhiro Yamada, Japan
L. Doug Sime, Massachusetts, USA

Alþjóðastjórnarmenn á seinna ári
Luis Alfredo Almansa
Sebastiao Braga, Belo, Horizonte, Brazil
Richard P. Chaffin, Forest, Virginia, USA
Bill Crawford, Encinitas, California, USA
Clifford (Cliff) S.A. Heywood, North Shore City, New
Zealand
Jan A. Holtet, Rasta, Norway
Dr. Mikio Ishibashi, Otaru, Japan
Somsakdi Lovisuth, Bangkok, Thailand
Sergio Maggi, Bari, Italy
Samuel A. Milliken
Don Reese, Eunice, New Mexico, USA
G. Durward „Dur“ Roberson
Maynard Rucks, Minnesota, USA
A.P. Singh, Kolkata, India
Kee-Jung Woo, Kyung San, Republic of Korea
Ernest „Ernie“ Young, Jr., Landsing, Kansas, USA



**Brennandi
metnaður**

Efnisyfirlit:

Forustupistlar 3 - 4

Klúbbstarfið 5 og 7

“Plús einn” 6

Sjónvernd 6 og 12

Fundartímar Lionsklúbba 8 - 9

Koma alþjóðaforseta 10-11

Vímuvarnarvika 12

Ritstjórapistill

Norræn samvinna



Í fremri röð Dagný Mortensen, Edda J. Briem og Markus Flaaming
Í aftari röð: Niels Erik Mortensen, Maud Nordell, Raimo Naumanen og Marten Kevin

Þótt norræn samvinna Lionsshreyfingarinnar sé að meginhluta tengd NSR, fundum Norræna samstarfsráðsins sem haldnir eru í janúar til skiptis á Norðurlöndunum fimm, þá er það ekki svo að hún einskorðist við NSR.

Ritstjórar Lionsblaða á Norðurlöndum hafa nú um nokkurra ára skeið komið saman til skrafs og ráðagerða að sumri til og skiptst á skoðunum til skiptis á Norðurlöndunum fimm. Makar hafa verið með í för og var síðasti fundurinn haldinn fyrstu helgi september í Helsinki í boði ritstjóra finnska Lionsblaðsins, þeirra Raimo Naumanen og Marten Kevin.

Það var með þetta flug Flugleiða til Helsinki í morgunsárið þann 1. september eins og svo mörg önnur sem leggja upp til áfangastaða í Evrópu, að brottför var fyrir allar aldir og örtröðin í flugstöðinni slík að sýnt er að flugstöðin er enn orðin of litil. Þetta var afar þægilegt beint flug og fyrr en varði vorum við komin á hótelið. Ofboðlitið lúin að vísu eftir óhefðbundinn fótferðartíma, en nokkuð hress eftir atvikum.

Það var líka eins gott, því varla vorum við komin upp á herbergi fyrr en síminn hringdi og var þar mættur Marten Kevin sem skipaði svo fyrir að við skyldum fara með honum í göngutúr um hverfið. Við áttum ekki von á þessu og ekkert á dagskrá fyrr en um kvöldið, en varð hvorki þarna né síðar leyft að slegið yrði á hönd gestrisinnar, maðurinn miðbærjarbúi, gjörkunnugur bænum og liðugur til göngu, enda ekki bíleigandi og lætur tvo jafnfljóta og sporragna duga.

Ritstjórar komu svo á hótelið hver af öðrum, Maud Nordell, ritstjóri sænska Lionsblaðsins, Niels Erik Mortensen, ritstjóri danska Lionsblaðsins og kona hans Dagný. Tveir ritstjórar finnska Lionsblaðsins hafa fyrr verið nefndir, en Raimo sáum við ekki fyrr en um kvöldið. Þarna vantaði Henning Aamodt, ritstjóra norska Lionsblaðsins sem ekki hafði tök á að sitja fundinn og var hans sárt saknað. Með okkur allan

tímann var einnig Markus Flaaming, framkvæmdastjóri fjölumðæmis 107, Finnlandi.

Um kvöldið borðaði hópurinn saman þar sem tækifæri gafst til að kynnast fjölumðæmisstjóra Finna, Tapani Rahko.

Daginn eftir var svo formlegur fundur í höfuðstöðvum Lions, en þeir eru eigendur stærðar byggingar sem hýsir aðalskrifstofur Lionsshreyfingarinnar í Finnlandi. Skiptust ritstjórar þar á skoðunum og meðal annars kynnti danski ritstjórinn nýja útgáfu danska Lionsblaðsins í nýju broti, A-4. Eftir hádegi var fundi framhaldið með óformlegri hætti um leið og hópurinn fékk leiðsögn í því sem Helsinki hefur upp á að bjóða. Um kvöldið bauð svo fjölumðæmisstjórn 107 til kvöldverðar sem lengi verður í minnum hafður.



Marten gerði hvað hann gat til að samfæra mig um að vaðfuglar á eyrni Sveaborg klæddust ævinlega stígvældum.

Brottför á sunnudeginum var mismundandi hjá ritstjórum. Þeir sem ekki ákváðu að fara í býtið þáðu fylgd Martens Kevin í ferjuferð yfir á eyjuna Sveaborg þar sem fegurð og kyrrð er einstök, enda bílferðir bannaðar nema fyrir sjúkra- og lögreglubíla.

Er ekki efi, í mínum huga, að við eigum öll eftir að njóta góðs af þessari samverustund, þegar við snúum til okkar daglegu starfa við ritstjórn Lionsblaða hvert á sínum stað.

Ólafur Briem,
ritstjóri

Geir Hauksson, fjöllumdæmisstjóri

Forsetaheimsókn og starfið framundan

Alþjóðaforseti Ashok Mehta og kona hans Kokila heimsóttu okkur dagana 23. til 25. ágúst. Heimsóknin tókst afar vel að okkar mati þó stutt væri, eða aðeins í einn og hálfan dag.

Byrjað var með móttöku Lionsfélaga í Lionsheimilinu að Sóltúni og sá Lionsklúbburinn Fold um góðar veitingar sem við þökkum fyrir. Eftir kynningu prótokolstjóra, Harðar Sigurjónssonar á alþjóðaforseta tók hann til máls og kynnti stefnumál hreyfingarinnar sem eru Sjónvernd II og fjölgunarverkefnið Markmið 30. Síðan var spurningum svarað.

Næsta dag var hjartarannsóknartæki, sem Lkl. Víðarr hafði forgöngu um kaup á, skoðað en kaupin voru einnig styrkt af LCIF og öðrum Lionsklúbbum og félagasamtökum hér heima. Gizur Gottskálksson yfirlæknir, sem jafnframt er formaður Lkl. Víðars, tók á móti okkur og kynnti tækjakostinn sem var einmitt í notkun þá stundina og var þetta mjög fróðlegt fyrir gestina. Svo var skroppið yfir á augndeildina þar sem alþjóðaforseti ræddi við prófessor Einar Stefánsson um sjónverndarmál og held ég að hann hafi orðið margs vísari í samtali sínu við Einar. Eftir hádegi var háls-, nef- og eyrnadeild Landspítalans heimsótt og skoðuð ýmis tæki sem Lkl. Njörður hefur haft forgöngu um kaup á. Nokkrir félagar úr Nirði voru mættir og kynntu þeir ásamt læknum tækjakostinn.

Síðan var haldið til Bessastaða og tekið hús á forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni. Þessari heimsókn hafði verið ætluð ein klst. en tók eina og hálf. Forsetarnir tóku sér góðan tíma og kom þar fram að þeir áttu marga sameiginlega vini og kunningja í heimalandi alþjóðaforseta, Indlandi. Einnig voru Lionsmálin rædd og kom m.a. fram hjá Ólafi Ragnari að það væru víða Lionsklúbbar á fámennum stöðum úti á landsbyggðinni og þó þeir væru ekki stórir þá væru þeir að gera góða hluti í sínum heimabyggðum og alþjóðaforseti ætti að koma við í sjávarþorpi ef tími ynnist til. Alþjóðaforsetinn var svo hrifinn af forseta okkar að hann bauð honum að koma á næsta alþjóðafund Lions sem aðalræðumaður. Ólafur tók vel í það svo fremi að hann væri ekki bókaður annarsstaðar. Þetta er mikill heiður fyrir okkur hér og einsdæmi að ég held. Þetta voru hlýlegar og góðar móttökur og þökkum við það. Að lokinni heimsókn á Bessastaði



Alþjóðaforseti og fjöllumdæmisstjóri í Lionsheimilinu

var haldið í gróðurreit Lkl. Ásbjarnar þar sem Ásbirningar tóku á móti okkur og alþjóðaforseti gróðursetti tré. Þarna buðu Ásbirningar uppá þjóðlegar veitingar sem yljúðu vel í norðangolunni.

Eins og talað var um hjá Ólafi Ragnari, þá ákvað ég að koma við í Sandgerði á leið til flugvallar daginn eftir og sýna alþjóðaforseta Efra-Sandgerði, Lionsheimili Lkl. Sandgerðis áður en þau hjón færu í loftið kl 07:30 og hafði Pálmi okkar Hannesson milligöngu þar um. Þangað vorum við komin kl 6 um morgunin og var tekið á móti okkur með nýlögðu kaffi og verið var að baka vöflur, þetta var alveg frábært, en svona er Lions Síðan var haldið í flugstöðina og þessir góðu gestir okkar kvaddir. Þetta var góð heimsókn enda voru þau hjón mjög hlýleg og gott að vera með þeim. Ég vil þakka öllum þeim góðu Lionsfélögum sem komu að þessari heimsókn.

Fellibylurinn Katrina

Okkur er öllum kunnugt um þær hamfarir er áttu sér stað á suðurströnd Bandaríkjanna þegar fellibylurinn Katrina reið þar yfir. Sem betur fer virðist manntjón minna en haldið var í fyrstu. Alþjóðahjálparsjóður Lions, LCIF, hefur þegar sent yfir 200.000 dollara í neyðaraðstoð og beiðni hefur borist um að klúbbar um heim allan bregðist nú vel við. Verkefnasjóðurinn okkar hefur, að beiðni stjórnar fjöllumdæmisins, samþykkt að senda 3000 dollara til Alþjóðahjálparsjóðsins vegna þessa verkefnis auk þess sem skrifað hefur verið bréf til allra klúbbformanna með beiðni um styrk úr líknar- og

verkefnissjóðum klúbba. Þetta beinir huganum ósjálfrátt að okkar eigin verkefnasjóði, það er sannarlega gott að geta brugðist svona skjótt við. Þetta gerðist einnig í byrjun ársins þegar verkefnasjóðurinn sendi eina milljón vegna hamfaranna í SA-Asíu. En við þurfum alvarlega að fara að huga að tekjuöflun fyrir sjóðinn svo hann geti áfram þjónað sínum tilgangi. Eina fasta fjáröflun sjóðsins er sala minningarkorta en meira þarf að koma til Til dæmis mætti hugsa sér frjálst framlag klúbba, um 200 kr. á félag, eftir efnum og ástæðum. Endilega komið góðum hugmyndum á framfæri.

Sjónvernd

Eitt barn verður blint á hverri mínútu á dag í veröldinni. Þetta er hræðileg tilhugsun og þarna er einungis minnst á blindu barna en fjölmargir aðrir aldurshópar hafa einnig við blindu að stríða. Það er staðreynd að hægt er að koma í veg fyrir og lækna blindu hjá stórum hópi þessa fólks. Þess vegna fer Alþjóðahreyfing Lions nú enn af stað og helgar sig þessu verkefni næstu þrjú árin.

Að sjálfsögðu munum við íslenskir Lionsfélagar leggja þessu verkefni lið eftir bestu getu. Lionsfélagar eru jú "riddarar hinna blindu".

Fjölgun

Áfram vinnum við að fjölgun í hreyfingunni. Á vordögum var Lkl. Úlfar stofnaður í Grafarholti og vantar nú ekki mikið uppá ásætlanlega félagatölu í B-umdæminu. Því miður er Lkl. Hríseyjar hættur og mér finnst mikil eftirsjá í því þegar klúbbar úti á landsbyggðinni leggjast af en það er oft erfitt með nýliðun í fámennum byggðakjörnum. En áfram höldum við samt.

Fjöllumdæmisráðsfundur

Fyrsti fjöllumdæmisráðsfundurinn var haldinn 27. ágúst og einnig umdæmafundurinn í A og B. Þarna gátu hinir ýmsu fulltrúar og stjórnar borið saman bækur sínar og skipulagt starfið framundan. Þó nokkur ný andlit eru komin í hópinn og þjóðum við þau öll velkomin til starfa með okkur hinum. Við reynum öll að gera okkar besta því meira er jú ekki hægt að gera.

Í PRÓTTATÖSKUR LIONS

ERU ENN FÁANLEGAR

Lionskrifstofan

Guðmundur Rafnar Valtýsson, Lkl. Laugarvatns umdæmisstjóri 109A

Styrkur samfélagsins

Eftir fyrsta formanni Lionsklúbbs Reykjavíkur, Magnúsi Kjarian, eru höfð þessi orð:

„Hvað sem þessi félagsskapur er með öðrum þjóðum, hjá okkur verður hann það sem við gerum úr honum sjálfir.“
Þessum orðum má þannig snúa að Lionsklúbbum á Íslandi. Þeir mótast af því hvernig við félagarnir í þeim störfum og þeir aðlagast að því samfélagi sem umhverfis þá er, burtséð frá því hvernig aðrir klúbbar starfa. Þetta á e.t.v. frekar við um klúbba utan höfuðborgarsvæðisins sem starfa oft á tíðum í litlum bæjar- eða sveitarfélögum.

Lionsklúbbar bæta samfélagið

Ég hef lengi haldið því fram að það sé gæfa og styrkur fyrir hvert samfélag að hafa starfandi Lionsklúbb innan sinna vébanda. Klúbbarnir hafa látið margt gott af sér leiða bæði með verkefnum sem klúbbfélagar hafa sinnt sjálfir svo og styrkjum til einstaklinga og annarra góðra málefna svo sem heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa, skóla, íþróttafélaga o.fl. Til þess að svo megi áfram verða þurfa að koma nýir félagar inn í klúbbana þegar aðrir fara úr þeim. Þetta er ekki bara vandamál

klúbbanna heldur líka samfélagsins sem þeir eru í. Klúbbarnir hafa sýnt það í verki að það væri töluverður missir ef þeir legðust af.

Sækjum fram

Það er okkar félaganna, í litlum sem stórum klúbbum, að blása til sóknar og leita eftir nýjum eða gömlum félögum og efla þannig klúbbana. Vinir, kunningjar, samstarfsmenn og sveitungar Lionsfélaga þurfa að taka það til athugunar hvort nú sé ekki rétti tíminn til að ganga í klúbbinn í sínu nágrenni. Hvers

vegna erum við í klúbbum, kórum og öðrum félögum? Jú, þar eignumst við vini og kunningja um leið og við gefum eitthvað af okkur. Það er bæði fróðlegt og skemmtilegt að starfa í Lionsklúbbi og það á líka að vera það. Ef þess er gætt verða fjáraflanir líka skemmtilegar og við getum látið margt gott af okkur leiða. Mörg þau verkefni sem við höfum verið að styrkja þarfnast þess e.t.v. ekki lengur og þá er bara að finna ný. Menning er allt það sem við tökum okkur fyrir hendur og því er alltaf hægt að styrkja menninguna.

Umdæmisstjórnarfundur

Umdæmisstjórnarfundur í 109A var haldinn laugardaginn 27. ágúst. Mjög góð mæting var á fundinum og hefðbundin fundarstörf. Að honum loknum sátu fulltrúar upphaf fjöllumdæmisfundar og hlýddu á erindi Jóns Bjarna Þorsteinssonar lækis um SightFirst II verkefnið. Þegar því var lokið fengu fulltrúar málaflökka úr báðum umdæmum og stjórar sömu málaflökka úr fjöllumdæmi tækifæri að ræða saman um sinn málaflök. Ekki er annað að heyra en þetta hafi gefist vel.



Umdæmisstjórar í heimsókn á Bessastöðum

Valdimar Þorvaldsson, Lkl. Akraness, umdæmisstjóri 109B

RUSL, GRÓÐUR OG EITURLYF

Nú þegar starfsárið er hafið hjá flestum klúbbum er ástæða til að hvetja alla til dáða og snúa sér að þeim verkefnum sem hver klúbbur ætlar að vinna að í vetur. Á fyrsta umdæmisstjórnarfundinum sagði ég frá því að þau mál sem ég vildi vinna að á mínu starfsári væru umhverfismál og baráttan gegn eiturlyfjum

Umhverfismál

Þetta eru mjög stórir málaflök sem hægt er að fella svo margt undir. Ef við tökum fyrst umhverfismálin, þá er margt sem flokkast undir þau og ég veit að margir klúbbar eru að vinna í þeim málum og er það vel. Má þar nefna skógrækt og hreinsun lands og sumir hafa gengið fjörur og týnt upp rusl sem á þær hefur rekið.

Margt væri hægt að gera til að minnka sorp. Ef fólk færi til dæmis með innkaupatóskur út í verslun í stað þess að kaupa og flytja með sér plastpokana heim, sem svo síðan er hent, þá má benda á að þeir eyðast seint eða aldrei.

Það væri ef til vill hægt að gera það að verkefni fyrir Lionsklúbba að

láta útbúa innkaupatóskur (tuðrur) og dreifa þeim í hús og láta fylgja með á blaði upplýsingar um tilgang verkefnisins, verndun landsins, sem er okkur öllum svo mikilvæg. Um leið værum við að láta vita af okkur. Ef fengjust auglýsingar á töskurnar yrðu af því einhverjar tekjur sem síðan mætti nota til að vinna að öðrum góðum málefnum. Er ég þess fullviss að það er margt Lionsfólk hefur góðar hugmyndir um hvernig hægt væri að útfæra svona verkefni. Mannauðurinn innan Lionshreyfingarinnar er mikill. Það er kominn tími til að við gætum að umhverfi okkar og sýnum því virðingu. Við getum unnið að því að vekja fólk til vitundar um það.

Eg vil líka hvetja Lionsfélaga til að planta trjám í sínu sveitarfélagi eða næsta nágrenni sínu og eiga samstarf við skógræktarfélögin. Það er alltaf þörf á fleira vinnusömu fólki í þau verkefni. Margt fleira mætti nefna og biður það seinni tíma.

Fíkniefnin

Baráttuna gegn fíkniefnum er hægt að styðja á margan hátt. Lionsklúbbar gætu verið í forsvari fyrir fræðslu í skólum um skaðsemi fíkniefna og/eða unnið í samráði við lögreglu og skólafyrirvalda á margvíslegan hátt. Með því að greiða fyrir fyrirlesara eða fá fólk sem þekkir vandamál fíkninnar af eigin raun til að segja börnum og unglinum frá hvað biður fólks sem ánetjast fíkniefnin erum við að leggja lið. Það er staðreynd að

það hefur sterk áhrif á þá sem hlusta að heyra um þetta vandamál frá þeim sem gengið hafa hörmungargöngu fíknarinnar.

Þá gætu Lionsklúbbar aðstoðað lögregluna í baráttunni gegn eiturlyfjunum á ýmsan hátt. Ég tel réttast að haft sé samband við yfirvöld á hverjum stað um þá aðstoð sem kæmi sér best. Dæmi er um að Lionsklúbbar hafi keypt hund og kostað þjálfun hans til fíkniefnaleitar og gefið hann síðan til lögregluvalda. Frábært framtak hjá þeim. Þetta er ekki það eina sem við þurfum að íhuga á komandi starfsári, margir klúbbar hafa nú þegar lagt línurnar fyrir komandi starfsár og efa ég ekki að þeir hafi verðug verkefni til að vinna að.

Lúðvík Andreasson, Lkl. Tý

SUMARFJÁRÖFLUN

Eins og menn vita fara flestir Lionsklúbbar í sumarfrí í lok maí á hverju ári eftir gott starf yfir veturinn og koma síðan saman aftur í september þegar vetrarstarfið byrjar aftur.



Athafnasamir félagar: Jóhannes Karlsson, Guðmundur Þórðarson, Jónas Ágústsson, Lúðvík Andreasson, Kjartan Kjartansson, William Gunnarsson, Þórarinn Þ. Jónsson



Ánægðir með dagsverkið: Björn Þorvaldsson Ásmundur Jóhannsson, Lárus Sveinsson Jóhannes Karlsson



Eitt leiktækið

Einangrun og viðhald

Við félagarnir í Tý nýttum hinsvegar hluta af júní og aftur í ágúst til að ná okkur í fjáröflun upp á um 400 þúsund krónur með að vinna verkefni í byggingarvinnu í Norðlingaholti við Rauðavatn. Einn félagi okkar, Guðmundur Þórðarson byggingameistari, vinnur fyrir Þórstak og fengum við það verkefni í júní að einangra útveggi á 12 íbúðum með plasti undir múrhúðun.

Síðan komu 12 íbúðir til viðbótar nú í ágúst og voru þessi 2 verkefni kláruð með miklum ágætum og góðri mætingu félaganna. Þetta verkefni

var þannig unnið að félagar í Tý komu nokkur kvöld og 2 helgar og skiptu með sér verkum og var mæting ótúlega góð þrátt fyrir sumarleyfi. Sníða þurfti frauðplast á útveggi og síðan var borað í gegn og fleygur negldur til að festa plastið.

Við í Tý höfum áður tekið að okkur verkefni m.a. að mála íbúðir geðfatlaðra og höfum við fengið mikla og góða þátttöku í þessum verkefnum þar sem þetta eflir líka samheldnina í klúbbum en við slík verkefni geta fleiri komið að vinnu fyrir klúbbinn en í öðrum verkefnum eins og skemmtunum og öðru slíku.

Afraksturinn

Nú í september afhentum við heimili einhverfra í breiðholti leiktæki fyrir kr. 400.000 en mikil þörf er fyrir aðstoð í þessum málaflokki.

Við höfum í gegnum síðustu 4 ár aðstoðað nokkur félög einhverfra til kaupa á tækjum eins og sjónvarpi, videóvélum og fleiru og hefur þetta verið mjög vel þegin aðstoð við þessa starfsemi sem alltaf vantar aðstoð og fjármagn til að gera starfið léttara fyrir viðkomandi aðila.

Félagssstarfið

Lionsklúbburinn Týr heldur sína fundi í Versólum við Hallveigarstíg 2. og 4. hvern miðvikudag í mánuði frá september til og með maí.

Við notum samt nokkra fundartíma til að fara í fyrirtækjaheimsóknir til að fræðast um starfsemi þá sem þar fer fram og eru þetta alltaf mjög skemmtilegar heimsóknir.



Jón K. Guðbergsson, ff. formaður Lkl. Freys

LKL. FREYR

KLÚBBSTARFIÐ 2004-2005

Lionsklúbburinn Freyr er kunnur fyrir fjárjöflun með sölu á jóladagatölum um allt land í áráraðir ásamt öðrum Lionsklúbbum. Á síðasta starfsári var

úthlutað á fimmtu milljón króna til ýmissa félaga og stofnana. Hér á eftir fara svipmyndir af því hvað um hluta afrakstursins varð.



Klúbburinn styrkti Björgunarsveitina Ársæll á Seltjarnarnesi til kaupa á nýjum björgunarbáti. Myndin er tekin við vísu tveggja nýrra björgunarbáta sem Ársæll tók í notkun.



Á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði við afhendinguna á sírefnismettunarmæli.



Við afhendingum húsbúnaðar í húsnæði Styrktarfélags vangefinna.

Á myndinni eru Þóra Þórarinsdóttir og Friðrik Alexandersson frá Styrktarfélagi vangefinna og Freysfélagarnir Jón K. Guðbergsson, Gunnar Gunnarsson, Guðjón T. Tryggvason, Sverrir Helgason, Gísli Kolbeins og Magnús Tryggvason.



Styrkur afhentur SOS barnahjálpi.

Á myndinni eru félagar í Frey, þeir Bern hard Petersen, Sverrir Sigfússon, Jón K. Guðbergsson, Gunnar Gunnarsson og Gísli Kolbeins ásamt Úllu Magnússon, framkvæmdastjóra SOS barnahjálpar.



Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar, verkefnisstjóri SightFirst II

Lionshreyfingin og sjónvernd

4,6 miljónir fengu aðgerð við ský á auga, 65 miljónir fengu meðferð vegna árblindu, 258 augnsjúkrahús voru stofnuð eða endurbætt, yfir 300 augnlæknastofur fengu tækjabúnað, nærri 70.000 starfsmenn á heilsusviði fengu fræðslu um sjónvernd og meðferðarúræði, meira en 750 sjónverndarverkefni í 88 löndum, 185 miljón dollarar.

Þrátt fyrir gríðarlega fólksfjölgun í heiminum fækkaði blindum úr 40 miljónum (1991) í 37 miljónir (2002). Þetta er aðeins hluti af því sem Lionshreyfingin fékk áorkað með SightFirst verkefninu. En betur má ef duga skal. Á hverri mínútu missir eitt barn sjónina. Hálf miljón barna missir sjónina fyrir næstu áramót. Talið er að blindum fjölgi í 74 miljónir og sjónþöprum í 250 miljónir fyrir árið 2020 ef ekkert verður að gert.

Sem "riddarar hinna blindu" geta Lionsfélagar ekki látið þetta afskiptalaust. Á alþjóðþingi Lionshreyfingarinnar sem haldið var í sumar var samþykkt að fara af stað með nýtt sjónverndaráttak, SightFirst II.

SightFirst II hefur þrjú megin markmið:

- Ná tökum á og koma í veg fyrir aðalástæður óþarfa blindu
 - « ský á auga, árblindu, sýking í hornhimnu.
- Berjast gegn nýjum ástæðum blindu og sjónvandamála
 - « ungbarnablinda, sjónskekkja, sykursýki.
- Sjón fyrir alla
 - « sjónverndarstöðvar og endurhæfingarstöðvar fyrir blinda, rannsóknarstöðvar.

Þetta verður hins vegar ekki hrist fram úr erminni fyrirhafnarlaust. 150 miljónir dollarar er lánmarks þörf til að ná þessu markmiði. Stórar tölur, en verðugt verkefni.

Segja má að SightFirst II hafi hafist

fyrir rúmu ári en þá fór í gang mikil undirbúningsvinna sem lauk með formlegu samþykki á síðasta alþjóðþingi. Verkefnið stendur yfir í 3 ár:

2005 – 2006,

ár fræðslu og upphafs fjáröflunar.

2006 – 2007,

ár hvatningar og áframhaldandi fjáröflunar.

2007 – 2008,

fjáröflun ljúkur, árangri fagnað.

Hver eru svo fyrstu skrefin?

Skipun í embætti verkefnisstjóra hvors umdæmis fyrir 30. október, landinu skipt í svæði (líklega notast við núverandi svæðisskipulag) og skipað í embætti verkefnisstjóra hvers svæðis fyrir 30. október. Klúbbarnir skipi í sérstaka SightFirst II nefnd. Nauðsynlegt er að þessi embætti og nefndir séu skipuð til þriggja ára. Um leið og því er lokið verður farið af stað með fræðslu og undirbúning.

Í fyrra SightFirst átakinu tókst Lionsfélögum á Íslandi sérlega vel upp og söfnuðu alls sem svarar 384.000 dollurum sem var með því best sem gerðist í heiminum miðað við félagafjölda. Takmarkið að þessu sinni verður að sjálfsögðu að gera aðeins betur og leiðirnar sem við höfum eru fjölmargar. Sérstök fjáröflunarverkefni eynamerkt verkefninu, styrkir frá stórum fyrirtækjum, einstaklingsframlög, tilnefningar Melvin Jones féлага.

Í næstu Lionsblöðum verður ítarlega fjallað um þetta stærsta verkefni sem Lionshreyfingin hefur nokkru sinni ráðist í. Lionsfélagar setja markið hátt og stefna að því ótrauðir.

Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn, verkefnastjóri Mission 30

Vilt þú reyna við "Plús einn"?

Hefur þú reynt við þetta dæmi? Markmið + áætlun = Árangur

Dæmið virðist ekki vera flókið en það leynir á sér. Það hefur sýnt sig að þetta er líklega eitt erfiðasta dæmi sem maður glímur við og oftast vill maður komast hjá því að leysa það. Hvað er svona erfitt við dæmið? Jú, það er að fá rétta útkomu, þá útkomu sem maður stefnir að. Ég skora á þig að reyna við þetta dæmi og nefni hér nokkur atriði sem gætu hjálpað:

Markmið:

- Vinna að nýju verkefni á starfsárinu.
- Félagar í klúbbum verði einum fleiri í lok starfsársins en þeir voru í upphafi.
- Klúbbar í umdæmum verði einum fleiri í lok starfsársins en þeir voru í upphafi.
- Fjölga konum í hreyfingunni.
- Lækka meðalaldur félaga í klúbbum.

Áætlun:

- Vinna að nýjum verkefnum.
- Þjóða gestum á klúbbfundi.
- Efla innra starf klúbbsins og leggja rækt við félagan.
- Vera með skemmtilega fundi.
- Fara á Lionsnámskeið.

Árangur:

- Við leystum nýtt verkefni með sóma og komum sjálfum okkur á óvart.
- Félögum fjölgaði á starfsárinu.
- Enginn félagi hætti í vetur.
- Félagar eru ánægðir í klúbbum.
- Félagar nýttu sér og nutu námskeiða.

Það er ekki tilviljun að sumir ná meiri árangri en aðrir. Þeir sem ná árangri setja sér markmið og áætlun um hvernig á að ná þeim. Prófaðu þetta og komdu þér á óvart.

Settu þér markmið í byrjun vetrar. Skrifðu niður fá en raunhæf markmið til að stefna að – en ekki gleyma að gera ráð fyrir ákveðnum fjölda vinnustunda í verkefni, sem

að vísu gleymast fljótt í góðu verki. Sjálfbodaliðastarf er fórnúst starf en gefandi. Hlutirnir fara eins og þú vilt ef þú ert með áætlun – annars ekki. Í upphafi skyldi endinn skoða.

Ps. Líklega ekki svo fáránleg hugmynd að reyna þetta.

SKYNDIKÖNNUN LIONSBLAÐSINS

Í skyndikönnun á fundi fjölumdamisráðs þann 27. ágúst kom meðal annars fram að þótt höfundar flestra greina í blaðinu væru í forustu hreyfingarinnar, þá væru dæmi þess að aðrir félagar hefðu tekið sér penna í hönd og sent blaðinu ágætari greinar. Spurt var hvort æskilegt væri að þeim þætti yrði gert hærra undir höfði en verið hefði og enn fremur hvort það gerði blaðið áhugaverðara ef félögum væri boðið að skrifa ritstjóra um hugðarefni sín í stuttu máli.



Í flestum svaranna kom fram að æskilegt væri að gera greinum frá almennum félögum hærra undir höfði og bréf til ritstjóra gæti gert blaðið áhugaverðara.

Því býðst öllum félögum nú að senda ritstjóra greinar til birtingar um hugðarefni sín eða styttri athugasemdir og ábendingar í bréfi til ritstjóra. Þessu efni er hægt að koma á framfæri með netpósti á lions@lions.is eða með því að senda efnið á skrifstofu Lions að Sóltúni 20, 105 Reykjavík.

Ritstjórn vonast eftir jákvæðum viðbrögðum við þessu boði.

Árni R. Óskarsson, Lkl. Dalvíkur

LIONSKLÚBBUR DALVÍKUR 45 ÁRA

Þann 27. apríl 2005 fagnaði Lkl. Dalvíkur 45 ára afmæli sínu í safnaðarheimili Dalvíkurkirkju, en klúbburinn var stofnaður 27. apríl 1960.

Friðþjófur Þórarinnsson, formaður, stjórnaði hátíðarfundinum. Gestir voru makar Lionsmanna og einnig Halldór Gunnlaugsson, sem er einn af stofnfélögum klúbbsins.

Á fundinum afhenti formaður Gylfa Björnssyni merki og viðurkenningarskjal frá alþjóðaförseta, en Gylfi er búinn að vera virkur félagi frá stofnun klúbbsins. Þá voru Hörður Kristgeirsson og Árni Reynir Óskarsson gerðir að Melvin Jones félögum í tilefni þessara tímamóta. Kristján Þórhallsson flutti ágríp

af sögðu klúbbsins frá upphafi og sagði frá stofnun hans fyrir 45 árum. Stofnfélagar voru 18.

Góðar gjafir og árnaðaróskir bárust af þessu tilefni og vill klúbburinn færa öllum þeim sem heiðruðu hann með nærveru sinni, gjöfum og góðum óskum bestu þakkir.



Friðþjófur Þórarinnsson, formaður, Hörður Kristgeirsson og Árni R. Óskarsson



Gylfi Björnsson og Friðþjófur Þórarinnsson, formaður

Ríkarður Reynisson, formaður Lkl. Keilis

LIONSKLÚBBURINN KEILIR

í Vogum á Vatnsleysuströnd 30 ára

Á þessu ári eru 30 ár liðin frá stofnun klúbbsins. Móðurklúbburinn er Lkl. Sandgerðis. Í tilefni af afmælinu bauð klúbburinn öllum hreppsbum og öðrum velunnurum til kaffisamsætis í samkomuhúsinu Glaðheimum í Vogum.

Haldið var upp á afmælið á svonefndum Fjölskyldudegi, sem árlega er haldinn í Vogunum aðra helgina í ágústmánuði. Hefð er komin á að félagasamtök í hreppnum, þar á meðal Keilir taka með einhverjum

hætti þátt í þessum degi. Mjög gestkvæmt var í kaffisamsætinu, vel á fimmta hundrað gesta svo það lætur nærri að um helmingur allra hreppsbum hafi þegið veitingar þann dag í boði klúbbsins. Um kvöldið var haldinn dansleikur í Glaðheimum, sem klúbburinn sá um og er það í þriðja sinn sem klúbburinn gerir það á Fjölskyldudeginum. Hagnaður af þeim dansleik rennur óskertur til líknarmála. Hreppurinn hefur ætíð lagt til samkomuhúsið endurgjaldslaust svo og hljómlistina.




Ranný, Rannveig og Jörunn undirbúa kaffisamsætið



Gestir gæða sér á kræsingum

FUNDARTÍMAR LIONSKLÚBBA 2005-2006




8A	Lkl. Kópavogs	2 og 4 mið.	19.00	Lundur, Auðbrekku 23
	Lkl. Muninn	1 og 3 mið.	19.15	Lundur, Auðbrekku 23
	Lkl. Selthamarness	2 og 4 þri.	19.00	Félagshemilið, Selthamarnesi
	Lkl. Vðarr	1 og 3 mið.	19.00	Lionsheimilið við Söltún
	Lkl. Ýr	2 og 4 mán.	19.15	Lundur, Auðbrekku 23
	Lkl. Þór	1 og 3 þri.	19.00	Lionsheimilið við Söltún

7A	Lkl. Ægir	2 og 4 mið.	18.30	Sundaborg
	Lkl. Freyr	1 og 3 mán.	18.45	Sunnusál Hótel Sögu,
	Lkl. Fjölínir	2 og 4 þri.	18.30	Lionsheimilið við Söltún
	Lkl. Eir	1 mán.	19.00	Lionsheimilið við Söltún
	Lkl. Reykjavíkur	3 fim.	19.00	Versalir við Halveigarstíg

6A	Lkl. Álftaness	1 og 3 fim.	19.00	Íþróttahús Álftaness
	Lkl. Ásbjörn	1 og 3 fim.	19.15	Golf-ínn, Hafnarfríði
	Lkl. Eik	3 þri.	19.00	Garðabergi, Garðabæ
	Lkl. Garðabæjar	2 og 4 þri.	19.30	Vidalíniskirkju, Garðabæ
	Lkl. Hafnarfjarðar	2 og 4 fim.	19.00	Haukaheimilinu, Hafnarfríði
	Lkl. Kaldá	2 þri.	19.00	Golf-ínn, Hafnarfríði

5A	Lkl. Garður	2 og 4 mið.	20.30	Lionshúsið, Efra-Sandgerði
	Lkl. Grindavíkur	1 og 3 fim.	19.30	Salthúsið við Stambólsvæg
	Lkl. Keilir	1 og 3 mið.	20.30	Lionsheimilið, Sölvolum,
	Lkl. Keflavíkur	2 þri.	19.30	Flughótel, Keflavík
	Lkl. Keflavíkur	2 og 4 mið.	19.00	Flughótel, Keflavík
	Lkl. Njarðvíkur	1 og 3 mið.	19.00	Hólagötu 15
	Lkl. Sandgerðis	2 og 4 þri.	19.00	Lionshúsið, Efra-Sandgerði
	Lkl. Ása	1 og 3 þri.	18.30	Flughótel, Keflavík

FUNDARTÍMAR LIONSKLÚBBA 2005-2006



Athugasemd:

Upplýsingar þær um fundartíma sem hér eru birtar eru með fyrirvara þar sem sumir klúbbar breyta stundum fundarastað og tíma fyrirvararlaust.



Dr. Ashok Mehta, Alþjóðaforseti Alþjóðasambands Lionsklúbba

Metnaður til forustu

Í nær níu áratugi hafa Lionsklúbbar náð merktum árangri við að leggja lið í sinni heimabyggð og um heim allan. Það er þjónusta sem rekja má beint til þeirra félaga sem skipað hafa stjórnunarstöður því ég get fullvissað ykkur um að gæðþjónusta byggist á gæðaforustu. Samt er það þannig, að til þess að svo megi verða verður fræðsla að vera til staðar. Ég hef ákveðið að fræðsla embættismanna fái forgang þetta starfsár.

Með umfangsmikilli leiðtogaþjálfun getum við miðlað þekkingu og leiðbeiningum til þeirra Lionsfélaga sem hafa metnað til forustu, sem vilja aðstoða félaga sína við að hækka þann gæðastaðal sem mun enn frekar bæta ímynd merkis okkar um heim allan. Þess vegna hvet ég þá félaga, sem hafa hæfileika til að kenna og eru áhugasamir um forustu, að þróa hæfileika sína með því að taka þátt í þeirri forustuþjálfun sem í boði er, eins og til dæmis Leiðtogaskóla Lions, MERL-formannanámskeiðum og Fræðslusetri Lions á netinu. Árangurinn verður menntaðri forusta sem hefur áhrif út í klúbbana. Lokamarkmið allrar þessarar fræðslu er, að sjálfsögðu, betri þjónusta við samfélagið. Allt í samræmi við ein-kunnarorð starfsársins, "Brennandi metnaður".

Eitt af því sem er hvað mikilvægast í forustu klúbba er, til dæmis, nýliðafræðsla. Það er sorgleg staðreynd að helmingur þeirra sem ganga til liðs við klúbbana hætta innan þriggja ára. Þeir gengu í klúbbinn fullir eftirvæntingar en fengu því miður engin verkefni og félagsskapurinn ófær um að viðhalda áhuga þeirra. Þar afleiðandi kusu þeir að hætta. Það er skylda formanna og allra í forustusveit að halda félögum

í klúbbunum en oft ræður það því hvaða áhrif klúbbar getur haft í sinni heimabyggð.

Metnaður okkar til forustu og skylda okkar að þróa gæði forustunnar svo sem verða má eru tvær helstu ástæðurnar fyrir því að Alþjóðasamtök Lionsklúbba eru orðin stærstu og ötulustu hjálparklúbbasamtök heims. Þetta er það sem allir Lionsfélagar sem löngun hafa til að taka að sér stjórnunarstöður þurfa að taka þátt í. Klúbba- og umdæmisforustan verða að leggja sitt af mörkum til að hjálpa þeim við að þróa hæfileika sína. Ef þú ert formaður, skalt þú ekki efast um að félagar í klúbbnum þínum yrðu þakklátir fyrir að fá tækifæri til þess að brýna forustuhæfileika sína. Þetta er fólkið sem gerir klúbbnum þínum fært að setja sér háleit markmið í framtíðinni, Lionsfélagar sem munu viðhalda metnaði klúbbsins í þeim verkefnum sem hann tekur sér fyrir hendur.

Enn eitt afar nauðsynlegt verkefni hvílir á forustu í klúbba og umdæma vegna þess hversu hvetjandi það er. Þetta er list að veita viðurkenningu sem ætti að skipa ríkan þátt í klúbbstarfinu. Félagararnir verða að hafa það á tilfinningunni að starf þeirra sé metið og að borin sé virðing fyrir því sem þeir hafa lagt af mörkum. Slík viðurkenning getur verið með ýmsu móti en ætíð þannig að eftir henni sé tekið.

Árangursrík forusta krefst mikilla hæfileika í formi skipulags, hvatningar, fyrirmyndar, aðstoðar, viðurkenningar og ýmsu öðru. Með því að sinna þessum atriðum þannig að þau verði hluti af vegvísni klúbbs eða svæðis þá verður "brennandi metnaður" með okkur í hverju skrefi.



Jón Bjarni Þorsteinsson og Ashok Mehta við hlið stytta af Magnúsi Kjaram



Frú Kokila Mehta milli Steinunnar Jóhannsdóttur og Guðrúnar Yngvadóttur í Lkl. Eik



Á Bessastaðatúni



Bórunn Gestsdóttir, Sigríður Th. Kvaram, skrifstofustjóri og alþjóðaforseti



Ánægður með gróðursetninguna



Fylgst með af athygli á hjartadeild



Í móttöku alþjóðaforseta



Tækjastur augndeildar kannaður



Jóhannes Pálmason og Logi Guðbrandsson ræða við alþjóðaforseta



Í móttöku alþjóðaforseta



Heimsókn á Bessastæði



Hlustað á forseta Íslands á Bessastöðum

Pórunn Gestsdóttir, Lions-Queststjóri, Lkl. Eir Vímuvarnavika 2005 - Frelsið er val

Forvarnir eru nauðsynlegar í nútíma samfélagi. Á velmegunartímum er áreitið mikið og standa flestir frammi fyrir einhvers konar vali á degi hverjum. Við getum valið um fæðutegundir, drykki, skemmtun, hvíld og margs konar ræktun, líkamlega sem andlega. Frá vöggu til grafar geta einstaklingar í menningarsamfélagi eins og við þekkjum hér á Íslandi valið - og í því felst mikið frelsi.

“Ég ætla að bíða...” segir unglingur sem stendur frammi fyrir að velja eða hafna sigarettu, vínglasi eða öðrum vímogjöfum. Ungur drengur eða ung stúlka sem standa frammi fyrir “göðum” vini eða kunningja með “spennandi” tilboð á hendi og gefur þetta svar “... ég ætla að bíða” hefur tekið afstöðu. Sá einstaklingur hefur gert sér grein fyrir - hvað er í húfi!

Stór hópur manna, félagsmenn í ýmsum samtökum er láta sig velferð barna og unglunga varða s.s. Vímulaus æska/Foreldrahús, Heimili og skóli, Fræðslumiðstöð í fíknivörnum (FRÆ), IOGT, ÍSÍ, Rauði kross Íslands, Biskupsstofa og mörg önnur samtök s.s. Lions- hreyfingin leggja lið á þessum vettvangi og standa að VÍMUVARNAVIKU 2005.

Meginmarkmiðið er að vekja athygli á nauðsyn þess að ungt fólk fái upplýsingar og fræðslu um vímuvarnir og geri sér grein fyrir - hvað raunverulega er í húfi.

Dagana 15.-22. október nk. verður mjög fjölbreytt dagskrá tengd áttakinu.

Lionshreyfingin á Íslandi hefur komið að vímuvörnum m.a. með Lions-Quest námsefninu sem grunnskólanemar á Íslandi þekkja sem -Lífisleikni / Að ná tökum á tilverunni eða einfaldlega Tilveran. Innan okkar samtaka hafa margir klúbbar víða um land lagt hönd á á þennan plóg. Með námsefninu -Að ná tökum á tilverunni - sem Lionshreyfingin á Íslandi kynnti fyrir yfirmönnum fræðslumála hér á landi árið 1986 - hefur m.a. verið okkar skerfur eða framlag á þessum vettvangi í nær tvo áratugi - undir mismunandi yfirskriftum.

Í áður nefndu námsefni segir m.a.: Í öllu forvarnastarfi hvort heldur sem það snýst um að koma í veg fyrir neyslu áfengis, tóbaks eða annarra ávana- og fíkniefna, einelti og annað ofbeldi, ótímabært kynlíf og þunganir eða annað, er grundvallaratriði að hefjast handa nógu snemma og áður en vandamálið blossar upp í líki faraldurs. Í forvarnastarfi er ekki nóg að fræða og miðla upplýsingum. Það þarf jafnframt þjálfun í félags- og tilfinningalegri færni.



Mahendra Amarasuriya - annar varaforseti

Mahendra Amarasuriya kosinn til embættis annars varaforseta Lionshreyfingarinnar og tók þar með sæti í framkvæmdastjórn.

Eins og lesendum blaðsins er kunnugt er framkvæmdastjórn hreyfingarinnar skipuð fjórum mönnum þ.e. alþjóðaforseta, fráfaramandi alþjóðaforseta, fyrsta varaforseta og öðrum varaforseta. Í síðasta Lionsblaði var ítarleg kynning á alþjóðaforseta auk þess sem við kynntumst fyrsta varaforseta Jimmy Ross og eiginkonu í sambandi við heimsókn þeirra hingað til lands. Fráfaramandi alþjóðaforseta, Clement Kusiak þekkjum við vel frá síðasta starfsári en hann er nú í forustu fyrir LCIF, alþjóðahjálparstjórnunum.

Það er um Mahendra Amarasuriya, annan varaforseta að segja, að hann er frá Colombo, Sri Lanka og félagi í Lionsklúbbum í Galle. Hann sat í alþjóðastjórn frá 1991 til 1993, var 100% umdæmisstjóri og hefur skræða 15 ára samfellda mætingu á fundum. Mahendra Amarasuriya hefur hlotið fjölda viðurkenninga alþjóðahreyfingarinnar og einnig Melvin Jones “Progressive” viðurkenningu.

Hann á aðild að Augngjafafélagi Sri Lanka, er fyrrverandi formaður Verslunarráðs þjóðarinnar og er annað hvort í stjórn eða stjórnarformaður fjölda fyrirtækja í sinu heimalandi.

Mahendra Amarasuriya er kvæntur Kushlani sem einnig er Lionsfélagi.

Björn Guðmundsson, sjónverndar og heilbrigðisstjóri, Lkl. Víðarri Fræðslufundur um sjónvernd á Kaffi Reykjavík 13. október 2005 kl. 17.00

Lionshreyfingin á Íslandi stendur fyrir almennum fræðslufundi um sjónvernd á Kaffi Reykjavík fimmtudaginn 13. október n.k. kl 17.00. Umræðuefnið verður almennt um augnsjúkdóma og fyrirlestra flytja Einar Stefánsson, prófessor í augnlækningum, og sérfræðingarnir María Soffía Gottfreðsdóttir og Haraldur Sigurðssonar. Gefst þarna gott tækifæri til að fá fróðleik um margvíslega þætti augnlækninga.

Allt áhugafólk er velkomið og er aðgangur ókeypis.

Sjónvernd og aðstoð við blindu og sjónskerta hefur frá upphafi verið eitt höfuðverkefni Lionshreyfingarinnar um allan heim. Það var meðal annars vegna hvatningar frá Helen Keller sem var bæði blind og heyrnarlaus. Lionsklúbbar á Íslandi hafa frá upphafi stutt við sjónvernd á einn eða annan hátt meðal annars með tækjagjöfum. Minna má á fyrstu fjársöfnun Lionshreyfingarinnar hér á landi undir nafni Rauðu fjaðrarinnar 1972 þar sem ágóðinn rann til

Augndeildarinnar á Landakoti, sem nú hefur flutt á Landsspítala háskólasjúkrahús, sem og kaup á augnlækningatækjum fyrir heilsugæslustöðvar um land allt.



Björn Guðmundsson

Alþjóðalionshreyfingin hóf átak í sjónverndarmálum með „Sight First“-verkefninu sem stóð frá 1991 -1994 þegar safnað var 140 milljónum dollara sem veitt hefur verið til alheims átaks gegn blindu og augnsjúkdómum. Einkum hefur verið um að ræða aðstoð við þróunarlönd í glímu við ýmsa augnsjúkdóma sem leiða til blindu. Þar er miklu hægt að áorka fyrir lítið fé. Annars staðar hafa spjótin fyrst og fremst beinst að fræðslu um og greiningu á sykursýki sem er nú algengasti sjúkdómurinn sem veldur blindu í okkar heimshluta.

Nú stendur fyrir dyrum nýtt átak „SightFirst 2“ frá þessu ári til 2008 þar sem reynt verður að gera enn betur.

SKONDIÐ • SKONDIÐ

Karl Wailer: “Ekkert er þeim ómögulegt sem ekki þarf að gera það sjálfur.”

•••••

Eitt sinn þurfti himnafáðirinn að bregða sér af bæ til að vísitera sína menn á jörðu niðri. Ferðin tók hann tvær vikur en þegar hann kom til baka og hringdi dyrabjöllunni við Gullna Hliðið (en Pétur var sá eini sem þar átti að hafa lykil) kom óvinurinn úr neðra til dyra. Himnafáðirinn varð að vonum undrandi, krossaði sig í bak og fyrir, en spurði svo “Hvað ert þú að gera hér ?” Óvinurinn svaraði að bragði: “Hefur þú ekkert frétt af sameiningu sveitarfélaganna ?”

•••••

Blessaðir séu þeir sem ekkert hafa að segja, og segja það ekki þrátt fyrir að að þeim sé lagt.

EVROPUFORUM 2005 Í STUTTGART

Okkur hefur borist boð um þátttöku í fimmtugasta og fyrsta Evrópuþingi Lions sem haldið verður 3.-5. nóvember nk. í Stuttgart í Þýskalandi. Fulltrúar okkar á þinginu verða þeir Geir Hauksson, fjölumdamisstjóri og Jón Bjarni Þorsteinsson, alþjóðasamskiptastjóri og fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður, en eiginkonur þeirra, Jórunn Jörundsóttir og Guðrún Björt Yngvadóttir verða með í för.

Einkunnarorð Evrópuþings að þessu sinni eru: "Lions fyrir framtíð Evrópu". Á þinginu munu fulltrúar klúbba allsstaðar úr Evrópu ræða grundvallarspurningar um samfélagsgerð í Evrópu og leita leiða með hvaða hætti Alþjóðasamband Lionsklúbba getur tekið þátt í ferli evrópskrar uppbyggingar sem færir

fólk af misjöfnum uppruna nær hvert öðru. Þeir sem skipuleggja þingið búast við 1.200 þátttakendum víðsvegar að úr Evrópu.

Eftir stækkun Evrópu vilja Alþjóðasamtök Lionsklúbba styrkja verulega áhrif sín í Austur Evrópu auk þess sem breytingar um heim allan kalla á skýrar stefnumótanir evrópskra Lionsklúbba. Evrópska dagskrárnefndin, undir stjórn Eberhard J. Wirts, fyrrverandi alþjóðastjórnarmanns, hefur gert nákvæma dagskrá fyrir þingið. Hún er mjög áhugaverð og lofar góðu og spennandi hugmyndir að vinna úr.

Á dagskrá er til dæmis sérstök fræðsla fyrir fulltrúa Austur Evrópu og umræður um framtíð Lions og þingsins auk þess sem í boði verður

ráðgjöf fyrir ritstjóra, ritara og aðra í forystu klúbba.

Hápunktar dagskrárinnar í Stuttgart verða opunarhátíðin, kynningarkvöldið í Mercedes safninu, Stuttgartkvöldið í New Palace í Stuttgart, fundurinn með alþjóðaforseta og þingslitin.

Allir atburðir þingsins fara fram í Liederhalle Cultural and Conference Center, sem er nálægt hótélunum þar sem þingfulltrúar dveljast. Þessi menningar- og þingmiðstöð býður upp á frábæra aðstöðu í öllu tilliti fyrir opunarhátíðina, vinnuhópa, tónlistarkeppnina og þingslitin. Það verður því munað eftir Stuttgart sem þingstaðnum þar sem allt var í göngufæri.

Stuttgart er höfuðborgin í Baden Wurttemberg og sérstaklega vel fallin til að halda Evrópuforum. Þarna býr fólk af um það bil 120 þjóðernum í friðsælu, fögru og gróskumiklu umhverfi suð-vestur Þýskalands þar sem fjórðungur íbúanna er ekki handhafi þýsks vegabréfs. Þessi heimsfrægi verksmiðjubær hefur upp á að bjóða einstakar menningarstofnanir, þar sem ópera, leikhús og ballet eru í boði í rúmlega 40 leikhúsum auk fjölda safna.

Gert hefur verið ráð fyrir möguleikum þinggesta til að sjá ýmislegt af því sem Stuttgart og nágrenni hafa upp á að bjóða, þar á meðal skóga og kastala svo fátt eitt sé talið.

Dagskrá Evrópuforum verður í aðalatriðum sem hér segir:

Fimmtudaginn 3. nóvember

kl. 14.00 Hátíðin sett.

Forsætisráðherra Baden-Wurttemberg ávarpar þingið

kl. 16.30 European Council tekur til starfa

kl. 19.00 Kynningarkvöld

Föstudaginn 4. nóvember

kl. 09.00-17.30 Vinnuhópar að störfum.

kl. 09.00-18.00 Tónlistarkeppni ungra tónlistarmanna

kl. 19.30-22.00 Stuttgartkvöldið í New Palace

Laugardagur 5. nóvember

kl. 08.30-09.30 SightFirst og aðrar námstefnur

kl. 11.00-12.00 Fundur með alþjóðaforseta

kl. 13.30-15.00 Annar fundur European Council

kl. 15.30-17.00 Þingslit

kl. 19.30-23.00 Lokahóf

Tungmál þings verða
þýska, enska franska, ítalska og finnska.

Nánari upplýsingar um þing má fá á þessum
tungumálum á netfangi: www.europaforum2005.org



Boston

Alþjóðaðing Alþjóðasambands Lionsklúbba 2006

Eins og lesendum blaðsins er kunnugt er útlilokað að halda næsta alþjóðaðing í New Orleans vegna náttúruhamfaranna sem þar hafa dunið yfir. Hefur Ashok Mehta, alþjóðaforseti, nú tilkynnt að alþjóðastjórn hafi samþykkt nýjan fundarstað, en alþjóðaðingið verður haldið í Boston, Massachusetts, frá föstudeginum 30. júní til þriðjudagsins 4. júlí 2006.

Meðan alþjóðaforseti dvaldi hér á landi fyrir skömmu, bauð hann forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni að vera aðalræðumaður á næsta alþjóðaðingi. Mun formlegt boð þar um sent forsetanum og er vonandi að hann sjái sér fært að þiggja það.

Frekari upplýsingar um þingið eru væntanlegar innan tíðar.

UMDÆMISSTJÓRN 109A 2005-2006

Umdæmisstjóri	Guðmundur Rafnar Valtýsson, Lkl. Laugard.
Varaumdæmisstjóri	Björgúlfur Þorsteinsson, Lkl. Hafnarfjarðar
Umdæmisritari	Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu
Umdæmisgjaldkeri	Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorláksh.

Svæðisstjóri á svæði 1	Sigurður Þorgeirsson, Lkl. Seyðisfjarðar
Svæðisstjóri á svæði 2	Sigurður Þorgeirsson, Lkl. Seyðisfjarðar
Svæðisstjóri á svæði 3	Þorsteinn Matthías Kristinsson, Lkl. Fylki
Svæðisstjóri á svæði 4	Guðmunda Auðunsdóttir, Lkl. Emblu
Svæðisstjóri á svæði 5	Anna Hulda Friðriksdóttir, Lkl. Æsu
Svæðisstjóri á svæði 6	Lilja Hallgrímsdóttir, Lkl. Eik
Svæðisstjóri á svæði 7	Egill Skúli Ingibergsson, Lkl. Fjölmi
Svæðisstjóri á svæði 8	Pétur Sveinsson, Lkl. Kópavogs

Alþjóðasamskiptafulltrúi	Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni
Félag og Mission 30-fulltrúi	Ólafur Á.Halldórsson, Lkl. Hafnarfjarðar
Félaganefndarfulltrúi	Þorsteinn Matthías Kristinsson, Lkl. Fylki
Fræðslufulltrúi	Jóhanna Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá
Lions Questfulltrúi	Jóhanna Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá
Heilbrigðisfulltrúi	Gylfi Haraldsson, Lkl. Geysi
SightFirstfulltrúi	Gylfi Haraldsson, Lkl. Geysi
Kynningarfulltrúi	Ólafur Á.Halldórsson, Lkl. Hafnarfjarðar
Menningarfulltrúi	Guðrún Guðmundsdóttir, Lkl. Æsu
LCIF fulltrúi	Lilja Hallgrímsdóttir, Lkl. Eik
Unglinga og barnafulltrúi	Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorláksh.
Umhverfisfulltrúi	Gísli Þór Gíslason, Lkl. Hafnarfjarðar

UMDÆMISSTJÓRN 109B 2005-2006

Umdæmisstjóri	Valdimar Þorvaldsson, Lkl. Akraness
Varaumdæmisstjóri	Jón Gröndal, Lkl. Nirði
Umdæmisritari	Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness
Umdæmisgjaldkeri	Jón Gröndal, Lkl. Nirði

Svæðisstjóri á svæði 1	Magnús Jón Árnason, Lkl. Nirði,
Svæðisstjóri á svæði 2	Valdimar Jónsson, Lkl. Tý
Svæðisstjóri á svæði 3	Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness
Svæðisstjóri á svæði 4	Unnur Valdimarsdóttir, Lkl. Hörpu
Svæðisstjóri á svæði 5	Jón F. Einarsson, Lkl. Bolungarvíkur
Svæðisstjóri á svæði 6	Gunnlaugur Tóbiasson, Lkl. Skagafjarðar
Svæðisstjóri á svæði 7	Héðinn Jónasson, Lkl. Akureyrar
Svæðisstjóri á svæði 8	Héðinn Jónasson, Lkl. Akureyrar

Alþjóðasamskiptafulltrúi	Magnús Steingrímsson, Lkl. Vála
Félagafulltrúi	Helgi Sigurbjartsson, Lkl. Fjörgyn
Félaganefndarfulltrúi	Hörður Þór Hjálmarsson, Lkl. Siglufjarðar
Heilbrigðisfulltrúi	Jón Bjarni Þorsteinsson, Lkl. Mosfellsbæjar
SightFirst fulltrúi	Jón Bjarni Þorsteinsson, Lkl. Mosfellsbæjar
Kynningar og útbreiðslufulltrúi	Guðmundur Finnbogason, Lkl. Skagast.
Lions Quest fulltrúi	Anna K. Gunnlaugsdóttir, Lkl. Fold
MedicAlert og LCIF fulltrúi	Þórir Bergmundsson, Lkl. Akraness
Menningar og fræðslufulltrúi	Jósef H. Þorgeirsson, Lkl. Akraness
Umhverfisfulltrúi	Vigfús Halldórsson, Lkl. Nirði
Unglingamálafulltrúi	Haraldur Þ. Jóhannsson, Lkl. Höfða

Alþjóðasamtök Lionsklúbba

Lionshreyfingin starfar í 194 löndum

Fjöldi Lionsklúbba er 46.000

Fjöldi félaga er 1.4 milljónir

Ísland

Á Íslandi er fjölmudæmi 109

Fjölmudæmið skiptist í um-dæmi

109A og 109B

Í umdæmi A eru 44 Lionsklúbbar

og 1 Lionessklúbbar

Félagar í 109A eru samtals 1112

Í umdæmi B eru 44 Lionsklúbbar


Félagar í 109B eru samtals 1219

Lions dagbókin 2005-2006

13.október	Sjónverndardagur Lions í Kaffi Reykjavík
22-23 október	Leiðtogaskóli Lions í Munaðarnesi
12-13 nóvember	Leiðtogaskóli Lions í Munaðarnesi
3-5 nóvember	Evrópuþing í Stuttgart
19.nóvember	Menningardagur Lions, Salnum í Kópavogi
19.nóvember	Umdæmisstjórnarfundir A og B
26.nóvember	Fjölmudæmisstjórnarfundur
20-21 janúar 2006	NSR þing Finnlandi
4.mars 2006	Fjölmudæmis og umdæmisstjórnarfundir
2-3 júní 2006	Fjölmudæmis og umdæmisþing á Akranesi

Afmæli Lionsklúbba

Lkl.Nesþinga	35 ára, 29. nóvember 2005
Lkl.Múli	35 ára, 28. desember 2005
Lkl.Þór	50 ára, 6. janúar 2006
Lkl.Hólmavíkur	45 ára, 21. febrúar 2006
Lkl.Kaldá	20 ára, 25. febrúar 2006
Lkl.Akureyrar	50 ára, 10. mars 2006
Lkl.Keflavíkur	50 ára, 7.apríl 2006
Lkl.Hafnarfjarðar	50 ára, 14. apríl 2006
Ll.Garður	20 ára, 18. apríl 2006
Lkl. Muninn	35 ára, 20. apríl 2006
Lkl.Akraness	50 ára, 22. apríl 2006
Lkl.Svanur	30 ára, 30. apríl 2006
Lkl.Fáskrúðsfjarðar	40 ára, 21. júní 2006



Guðmundur Helgason, málari

Lkl. Muninn, Kópavogi

Fallinn er frá kær félagi og góður vinur eftir harðvítuga baráttu við illvigan sjúkdóm. Guðmundur Helgason gekk til liðs við Lionsklúbbinn Munin í febrúar 1976 og hefur alla tíð verið einn af mátarstólpum klúbbsins og gegnt þar flestum embættum. Meðal annars var hann formaður 1978 – 1979. Til fjölda ára var hann í forystu fyrir skátasamskiptanefnd og fyrir hans tilstilli studdi klúbburinn skátana í Kópavogi til kaupa á skála við Elliðavatn. Hin seinni ár var hann fulltrúi klúbbsins í fulltrúaráði Sunnuhliðar. Allt frá því að Sunnuhlið var byggð hefur Lkl. Muninn séð um og málað Sunnuhlið að utan en Guðmundur stjórnaði því verki, útvegaði málninguna og áhöld án endurgjalds.



Það með ráðum og dáð. Þegar Lionsklúbbarnir ákváðu að kaupa húsnæðið í Auðbrekkunni var hann einn af þeim sem gekk hvað ötulast fram í því, gaf góð ráð við frágang og fyrir hans tilstilli var ráðist í að ganga strax frá lofti salarins.

Við minnumst Guðmundar sem góðs félaga. Af hnitni og oft kímiblandaðri ádeilu sendi hann okkur stundum tóninn þegar honum fannst ekki nógu vel að verki staðið og tjáði sig þá gjarnan um hvernig hann vildi að tekið yrði á málum. Ekkert kák eða hálfkák og gera hlutina vel. Við félagar Lionsklúbbsins Munins þökkum honum samfylgdina og vottum eiginkonu og fjölskyldu hans samúð okkar.

*Daniel G. Björnsson
formaður*

Guðmundur tók þátt í öllu fjárfunarstarfi klúbbsins og studdi



Unnur Einarsdóttir

Lkl. Eir, Reykjavík

Unnur Einarsdóttir fæddist í Reykjavík 24. mars 1943. Hún lést á líknardeild Lanspítalans í Kópavogi 25. ágúst 2005 og var jarðsett 6. september. Þótt hún væri búin að berjast við illvægan sjúkdóm í mörg ár hélt hún ávallt reisu sinni og lífsvilja til hinstu stundar.




Jones féлага og hlaut þar með ædstu viðurkenningu Lionshreyfingarinnar 1995.

Lionsfélagar kveðja með söknuði kæra vinkonu og félaga og þakka henni samfylgdina öll árin. Við sendum eftirlifandi eiginmanni hennar, Sigurði Brynjólfssyni, börnum þeirra og fjölskyldum einlæggar samúðarkveðjur. Guð Glessi minningu Unnar Einarsdóttir.

*Ehl Lkl. Eivar,
Margrét Nielsen, formaður.*

Hún gekk í Lionsklúbbinn Eir 1985 og gegndi gegnum árin ýmsum ábyrgðarstörfum. Hún átti einnig sæti í einni skipulagsnefnd Rauðu fjaðrarinnar.

Öllum þessum störfum sinni hún heilshugar og af miklum dugnaði. Hún var gerð að Melvin



Sæmundur Árni Hermannsson

Fæddur 11. maí 1921 - Dáinn 12. ágúst 2005

Kveðja frá Lionsklúbbsi Sauðárkróks

Dagur er að kveldi kominn, æviskeið á enda. Sæmundur Árni Hermannsson hefur kvatt og heldur nú til nýrra heimkynna. Við sem eftir stöndum þökkum samfylgdina og ánægjulegar stundir. Sérstakar þakkar færa félagar í Lionsklúbbsi Sauðárkróks fyrir frumherjastarfið. Sæmundurvareinnaðalhvatamaður að stofnun Lionsklúbbs Sauðárkróks fyrir rösklega fjörutíu árum. Lionshreyfingin var þá lítt þekkt hér um slóðir og það var talsvert átak fyrir þá þrjátíu brautryðjendur með Sæmund Árna í broddi fylkingar að kynna Lionshreyfinguna og afla henni stuðnings meðal almennings, en það var lykilafríði til að ná árangri í því menningar og líknarstarfi sem Lionshreyfingin grundvallast á.



einsdæmi að hann hafði 100% mætingu á fundi í Lionsklúbbsnum allan þann tíma sem hann starfaði, allt þar til heilsa hans brast.

Sæmundur gegndi öllum trúnaðarstörfum í Lionsklúbbsi Sauðárkróks og var heiðraður fyrir

mikil og óeigingjörn störf fyrir Lionshreyfinguna með því að gera hann að Melvin Jones féлага, sem er æðsti heiður sem klúbburinn veitir.

Síðustu árin sem Sæmundur lifði dvaldist hann á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki. Eftir að hann kom þangað hætti hann að geta starfað með klúbbsnum og var þá gerður að heiðursævifélaga.

Að leiðarlokum kveðjum við Lionsmenn þennan góða félaga og vottum eftirlifandi eiginkonu hans, Ásu Helgadóttur og fjölskyldu hans allri, dýpstu samúð og biðjum Guð að blessa minningu hans.

*Fh. Lionsklúbbs Sauðárkróks
Magnús H. Sigurjónsson*

Munið minningarkort Lions

Hin fallegu minningarkort Lions

eru nú fáanleg hjá öllum

Lionsklúbbum og á skrifstofu

Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

Styrkjum fjölbreytt líknarverkefni

Lionshreyfingarinnar

Lionshreyfingin



FJÖLUMDÆMISVERKEFNASJÓÐUR LIONS

GERUM VERKEFNASJÓÐNUM KLEIFT AÐ BREGÐAST FLJÓTT
VIÐ AÐSTOÐARBEIÐNI ÞEGAR NEYÐIN KALLAR

Reikningsnúmerið er 1101-18-641540

Kennitala: 640572-0869



SIÐAMEISTARANÁMSKEIÐ

“Fjölbreytni í fundarstarfi”

Góður siðameistari er oft lykillinn að skemmtilegu starfi í klúbbunum

Siðameistaránámskeið verður haldið í Lionsheimilinu að Sóltúni
20, Reykjavík, 20. október 2005 kl. 20:00 – 22:00

Tilkynnið þátttöku til Hrundar Hjaltadóttur, fræðslustjóra, í síma
566-7686, netfang: hrundh@itn.is eða á Lionsskrifstofuna í síma
561-3122, netfang: lions@lions.is